

Eignarhaldsfélagið  
Brunabótafélag Íslands  
Ársreikningur 2016

Eignarhaldsfélagið  
Brunabótafélag Íslands  
Hlíðarsmára 8  
201 Kópavogur

Kt. 480169-4179

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur fyrir árið 2016 .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

## Rekstur ársins 2016

Starfsemi félagsins á árinu 2016 fólst í fjármálastarfsemi. Tap varð á rekstri félagsins á árinu 2016 að fjárhæð 134 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok nam 2.176 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi eða um 70% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Á árinu störfuðu tveir starfsmenn hjá félaginu. Vísað er í skýringu 12 varðandi jöfnun taps.

Félagið ver hagnaði sínum til almenningsheilla með það að markmiði að efla brunavarnir sveitarfélaga landsins. Þá hefur félagið stuðlað að hagstæðri váttryggingarvernd og margvíslegum forvörnum á sviði váttrygginga fyrir sveitarfélögin og íbúa þeirra. Einnig hefur félagið styrkt ýmis verkefni á sviði forvarna í brunamálum s.s. útgáfa á kennslubók í viðbrögðum við gróðureldum í samvinnu við Mannvirkjastofnun, verkefni í brunavörnum inn á leikskólum landsins í samvinnu við slökkviliðin og slökkviálfana Loga og Glóð og þróun hugbúnaðar til að efla eftirlit með brunavörnum í samvinnu við Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins og Mannvirkjastofnun. Þá hefur félagið tekið þátt í ýmsum forvarnarverkefnum á vegum Eldvarnabandalagsins, en aðilar að því auk EBI eru m.a. Mannvirkjastofnun, tryggingafélögin og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.

Stjórn Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum. Þann 7. september 2012 samþykkti stjórnin formlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, ítarlegar reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingargjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og fleira. Félagið hefur sett sér fjárfestingastefnu sem unnið er eftir við fjárfestingar. Þar er m.a. tilgreint hver séu markmið um skiptingu eigna niður á ábyrgðaraðila. Skv. núverandi stefnu er gert ráð fyrir að 64% eigna séu í ríkisbréfum og innlánnum, 17% í innlendum og erlendum hlutabréfum og 8% í skuldabréfum sveitarfélaga. Meginmarkmið stefnunnar er að EBI standi undir skilgreindum lágmarksútgreiðslum til sveitarfélaganna og líkur á að skerða höfuðstól með útgreiðslum séu lágmarkaðar. Fjárfestingastefnan er endurskoðuð árlega. Stjórn félagsins ákveður starfskjör framkvæmdastjóra og fundar með endurskoðendum félagsins.

Fjöldi sveitarfélaga sem á hlut í sameignarsjóði félagsins var 60 í árslok 2016 og er það sami fjöldi og á s.l. ári. Hlutdeild sameignarsjóðsins er 36,8% (2015: 35,8%). Aðrir sameigendur skiptast þannig að 40,6% (2015: 41,4%) eru í eigu einstaklinga, 22,7% (2015: 22,8%) í eigu lögaðila. Sjá nánar í skýringu 16.


## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2016, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016.

Stjórn og framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands hafa í dag rætt um ársreikning félagsins fyrir árið 2016 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 10. febrúar 2017

Stjórn:

  
Sigrún Þórunn Þórunn  
Frida Björg Klattur  
Gunnsteinn R.  
Kristín Anna Kinnhólm  
Óskara Elgadóttir  
Margrét Eiríksdóttir  
Jón Baldur

Framkvæmdastjóri:

  
Anna Þýgnardóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Eignarhaldsfélags Brunabótafélag Íslands („félagið“) fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst mikil vissa en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 10. febrúar 2017

**KPMG ehf.**

Harfniður Helgadóttir

## Rekstrarreikningur fyrir árið 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Rekstrartekjur</b>			
Gangvirðisbreytingar verðbréfa .....		78.902.983	304.497.411
Vaxtatekjur og verðbætur af handbæru fé .....		132.017	144.442
Fjármagnsgjöld .....	(	6.416.362)	( 7.390.811)
		72.618.638	297.251.042
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	8	28.047.577	26.128.128
Lífeyrisskuldbinding .....	14	143.194.683	117.555.502
Rekstur húsnæðis .....		2.558.699	2.614.287
Annar rekstrarkostnaður .....		18.938.376	18.734.371
		192.739.335	165.032.288
(Tap) hagnaður fyrir fjármagnstekjuskatt .....	(	120.120.697)	132.218.754
Fjármagnstekjuskattur .....	13	( 14.375.436)	( 21.843.046)
<b>(Tap) hagnaður ársins</b> .....	(	134.496.133)	110.375.708

## Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Eignir</b>			
Skuldabréf og hlutdeildarskírteini .....	9	2.514.157.779	2.536.570.692
Hlutabréf og hlutabréfasjóðir .....	10	584.751.292	598.131.143
Verðbréf samtals		<u>3.098.909.071</u>	<u>3.134.701.835</u>
Rekstrarfjármunir .....	4,11	2.941.221	3.879.221
Handbært fé .....	5	25.513.788	101.292.911
Aðrar eignir samtals		<u>28.455.009</u>	<u>105.172.132</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>3.127.364.080</u>	<u>3.239.873.967</u>
<b>Eigið fé</b>			
Sameignarsjóður .....		798.920.650	844.627.106
Annað eigið fé .....		1.376.789.180	1.515.578.857
Eigið fé samtals	6,12,16	<u>2.175.709.830</u>	<u>2.360.205.963</u>
<b>Skuldir</b>			
Lífeyrisskuldbinding.....	14	853.611.146	776.212.641
Áfallinn fjármagnstekjuskattur .....	7.13	86.777.019	101.612.146
Fyrirfram innheimtur kostnaður .....		2.137.450	0
Ýmsar skammtímaskuldir .....	15	9.128.635	1.843.217
Aðrar skuldir samtals		<u>98.043.104</u>	<u>103.455.363</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>951.654.250</u>	<u>879.668.004</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>3.127.364.080</u>	<u>3.239.873.967</u>

## Sjóðstreymisýfirlit árið 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
(Tap) hagnaður ársins .....	(	134.496.133)	110.375.708
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskrift bifreiðar .....		938.000	938.000
Áfallinn fjármagnstekjuskattur, breyting .....	(	14.835.127)	( 46.517.535)
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	14	77.398.505	72.230.912
Veltufé (til) frá rekstri	(	70.994.755)	137.027.085
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum .....		9.422.868	825.366
Handbært fé (til) frá rekstri	(	61.571.887)	137.852.451
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Verðbréf, breyting .....		35.792.764	( 24.303.641)
Fjárfestingarhreyfingar		35.792.764	( 24.303.641)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Framlag til sveitarfélaga .....	12	( 50.000.000)	( 50.000.000)
Fjármögnunarhreyfingar		( 50.000.000)	( 50.000.000)
<b>Breyting á handbæru fé</b> .....	(	75.779.123)	63.548.810
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		101.292.911	37.744.101
<b>Handbært fé í árslok</b> .....		25.513.788	101.292.911



# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskyldu að verðbréf eru færð á gangvirði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og er gerður í íslenskum krónum.

### 2. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### 3. Verðbréf

Verðbréf, sem öll eru í vörslu fjármálastofnana og samanstanda af skuldabréfum, hlutdeildarskírteinum og hlutabréfum eru færð til eignar á áætluðu markaðsverði í árslok.

### 4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

### 5. Handbært fé

Óbundnar bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### 6. Eigið fé

Framlag til sveitarfélaga á grundvelli samþykka félagsins er fært til lækkunar á eigin fé.

### 7. Áfallinn fjármagnstekjuskattur

Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands er undanþegið greiðslu tekjuskatts samkvæmt 2. tölulið 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Félaginu ber hins vegar að skila fjármagnstekjuskatti af innleystum fjármunatekjum.

### 8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2016	2015
Laun .....	16.090	15.182
Stjórnarlausn .....	6.086	5.442
Launatengd gjöld .....	5.872	5.504
Laun, launatengd gjöld samtals .....	28.048	26.128
Starfsmenn að meðaltali .....	1.5	1.5

Laun framkvæmdastjóra nema 14.918 þús. kr. á árinu 2016 (2015: 14.235 þús.kr.).

### 9. Skuldabréf og hlutdeildarskírteini

Skuldabréf og hlutdeildarskírteini félagsins í árslok greinast þannig:

Skuldabréf skráð í Kauphöll Íslands .....	648.451	713.926
Skuldabréfasjóðir .....	1.865.707	1.822.644
	2.514.158	2.536.571

## Skýringar, frh.:

### 10. Hlutabréf og hlutabréfasjóðir

Hlutabréf og hlutabréfasjóðir félagsins í árslok greinast þannig:	2016	2015
Hlutabréf skráð í Kauphöll Íslands .....	146.282	120.239
Hlutabréfasjóðir .....	399.577	435.753
Óskráð hlutabréf .....	38.892	42.139
	<u>584.751</u>	<u>598.131</u>

### 11. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Bifreið	Innréttingar	Samtals
Heildarverð 1.1.2016 .....	4.690	1.065	5.755
Heildarverð 31.12.2016 .....	4.690	1.065	5.755
Afskriftir 1.1.2016 .....	1.876	0	1.876
Afskrifað á árinu .....	938	0	938
Afskriftir 31.12.2016 .....	2.814	0	2.814
Bókfært verð 31.12.2016 .....	1.876	1.065	2.941
Afskriftahlutfall .....	20%	0%	

Innréttingar í árslok 2016 eru listaverk sem ekki eru afskrifuð.

### 12. Eigið fé

Eiginfjárreikningar í lok ársins 2016 og breytingar á þeim á árinu greinast þannig:

	Sameignar- sjóður	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2016 .....	844.627	1.515.580	2.360.206
Framlag til sveitarfélaga .....		( 50.000)	( 50.000)
Tap á árinu .....		( 134.496)	( 134.496)
Fært í sameignarsjóð .....	( 45.706)	45.706	0
Eigið fé 31.12.2016 .....	<u>798.921</u>	<u>1.376.790</u>	<u>2.175.710</u>

Hlutdeild sameignarsjóðsins í eigin fé er byggð á hutfallslegri skiptingu eigin fjár milli eignaraðila sbr. skýringu 16.

### 13. Skuldbindingar

Félagið hefur verið undanþegið greiðslu tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003 eins og forveri þess Brunabótafélag Íslands var allt frá stofnun. Félagið hefur hins vegar greitt fjármagnstekjuskatt af innleystum vaxtatekjum á grundvelli 4. mgr. 72. gr. laga nr. 75/1981 síðan ákvæðin um fjármagnstekjuskatt komu til framkvæmda á árinu 1997. Á árinu 2016 nemur innleystur fjármagnstekjuskattur 29,2 millj. kr.

Fjármagnstekjuskattur greinist þannig:

	2016	2015
Fjármagnstekjuskattur í upphafi árs .....	101.612	148.130
Reiknaður fjármagnstekjuskattur á árinu .....	6.586	21.843
Greiddur fjármagnstekjuskattur á árinu .....	( 29.211)	( 68.361)
Fjármagnstekjuskattur í lok árs .....	<u>78.987</u>	<u>101.612</u>

## Skýringar, frh.:

---

### 14. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir lífeyrisskuldbinding vegna fyrrverandi starfsmanna þess. Félagið greiðir hluta af eftirlaunum fyrrverandi starfsmanna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og námu slíkar greiðslur um 66 millj. kr. á árinu. Lífeyrisskuldbinding félgsins hefur verið reiknuð af tryggingastærðfræðingi miðað við 2% vexti. Lífeyrisskuldbindingin nam um 854 millj. kr. í árslok 2016 og er hún færð í ársreikninginn.

### 15. Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir greinast þannig:	2016	2015
Ógreiddir reikningar .....	7.994	1.843
Ógreidd launatengd gjöld .....	1.135	0
Ýmsar skammtímaskuldir, samtals .....	9.129	1.843

### 16. Önnur mál

Samkvæmt 5. og 6. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands eru sameigendur félagsins tryggingatakar og sameignarsjóður eignarhaldsfélagsins eftir nánari reglum laganna. Eignarréttindi tryggingataka falla til sameignarsjóðsins þegar eignaraðild þeirra verður óvirk samkvæmt 15. gr. laganna. Eignaraðild að félaginu var sem hér segir í árslok.

Tryggingatakar .....	63.28	64.21
Sameignarsjóður .....	36.72	35.79
	100.00	100.00